

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 358. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 5. maí 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2021. Seinni umræða. Endurskoðendur mæta á fundinn.
- 2) Fundargerð 160. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 3. maí 2022.
- 3) Fundargerð ungmennaráðs Snæfellsbæjar, dags. 23. mars 2022.
- 4) Fundargerð 200. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 15. febrúar 2022.
- 5) Fundargerð 201. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 5. apríl 2022.
- 6) Fundargerð 909. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. apríl 2022.
- 7) Fundargerð 443. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 1. apríl 2022.
- 8) Bréf frá Sigríði Finsen, dags. 14. apríl 2022, varðandi beiðni um tilnefningu fulltrúa í samráðshóp um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar.
- 9) Ályktun frá aðalfundi Búnaðarfélags Staðarsveitar, dags. 8. apríl 2022, varðandi umhverfisverkefni, ásamt fundargerð aðalfundar Búnaðarfélagsins.
- 10) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 2. maí 2022, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Fjallabóls ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistihús, sem rekið er að Ennisbraut 2 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
- 11) Bréf frá Sólarport ehf., dags. 26. apríl 2022, varðandi uppsögn á leigusamningi.
- 12) Kjörskrá Snæfellsbæjar vegna sveitarstjórnarkosninga þann 14. maí 2022.
- 13) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 3. maí 2022**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 160160. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar**  
**haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 3. maí 2022**  
**og hófst hann kl. 09:30.**

## **Fundinn sátu:**

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Ragnar Már Ragnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Hildigunnur Haraldsdóttir skipulagsfulltrúi sat fundinn á meðan skipulagsmál voru tekin fyrir.

## **Dagskrá:**

### **1. Fossabrekka 6 - Lóðarumsókn - 2204008**

Guðjón Árnason og Ellen Magnúsdóttir skila inn Fossabrekku 1 og sækja um í leiðinni um byggingarlóð að Fossabrekku 6 (L196101). Fyrirhugað er að byggja þar 210 fm einbýlishús úr timbri á einni hæð.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### **2. Hella Umsókn um stækkun lóðar til suðurs og leyfir fyrir þremur 25 fm gestahúsum - 2203013**

Umsókn Hafþórs Svanssonar og Urzulu Zyskowska sem tekin var fyrir 5. apríl 2022 af umhverfis- og skipulagsnefnd rædd frekar út frá skipulagsmálum.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og felur tæknideild að útfæra staðsetningu húsa í samræmi við aðalskipulag og í samráði við eiganda.*

*Í vinnslu*

### **3. DSK\_Iðnaðarsvæði á Rifi - 2108001**

Lögð eru fram uppfærð gögn vegna framkominna athugasemda Skipulagsstofnunar sem kölluðu á nýjar umsagnir frá ISAVIA og Vegagerðinni.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og felur tæknideild að senda gögn til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.*

*Samþykkt*

### **4. DSK\_Brekkan - Deiliskipulagsbreyting - 2102011**

Lagt er til að breyta götunöfnum og númerum til þess að aðlaga að nýjum reglum Þjóðskrár.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir númerakerfi en ný nöfn verði borin undir*

777  
MK  
BMÍ  
ME

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*staðkunnuga íbúa Ólafsvíkur. Tæknideild falið að láta ganga frá endanlegum deiliskipulagsuppdraetti með uppfærðum götunöfnum og númerum og senda til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.*

*Samþykkt*

### 5. Gamli Kaupstaður\_Nýtt deiliskipulag - 1905013

Lagður er fram uppdráttur þar sem leitast hefur verið við að koma til móts við framkomnar umsagnir.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með fyrirvara um að setning um að ekki verði plantað framandi tegundum verði bætt inn aftur.*

*Samþykkt*

### 6. ASK\_Breyting aðalskipulags í Krossavík - 2203012

Lögð fram lýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags fyrir sjóböð við Krossavík.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að beina erindinu í kynningu en óskar eftir að texti um melgresi verði lagaður. Því var sáð fyrir um það bil 50 árum til þess að hefta sandfok.*

*Samþykkt*

### 7. Miðbrekka 7, 9 og 11 - Umsókn um byggingarlóð - 2108006

Í ágúst 2021 samþykkti umhverfis- og skipulagsnefnd að breyta lóðunum í parhúsaloðir fyrir fjórar íbúðir. Lóðarhafi sendir inn teikningu sem sýnir dæmi um húsagerð til að meta hvort hægt verði að koma fyrir tveimur parhúsum, jafn breiðum og teikning sýnir.

*Núverandi lóðir eru samtals um 70 metra breiðar, svo fjórar íbúðir komast fyrir innan þeirra. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og bendir lóðarhafa á að hafa samráð við tæknideild um frágang lóðablaða og byggingarreita fyrir austari lóðirnar, en gera þarf óverulega breytingu deiliskipulags vegna vestari lóðanna.*

*Samþykkt*

### 8. Gíslabær\_Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag, Hellnum - 2006008

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi á Gíslabæ tekið fyrir eftir auglýsingu. Farið yfir framkomnar athugasemdir hagsmunaaðila sem einnig voru kynntar á síðasta fundi og umsagnir fagaðila sem sendar voru nefndarmönnum þann 22. apríl 2022. Farið yfir gögn og tillögur að svörum mótaðar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd felur tæknideild að ganga frá svörum og senda þau til umsagnaraðila og þeirra sem gerðu athugasemdir. Einnig verði athugasemdir og umsagnir ásamt svörum við þeim og öll skipulagsgögn send til Skipulagsstofnunar, meðal annars skipulagsuppdraettir til staðfestingar.*

*Samþykkt*

### 9. Hábrekka 15\_Umsókn um leyfi fyrir 57 fm viðbyggðum bílskúr - 2204007

Einar Hjörleifsson sótti um byggingarleyfi fyrir 57 fm viðbyggðum bílskúr við austurgafli húss síns að Hábrekku 15. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkti erindið með fjarfundi þann 13. apríl 2022 með fyrirvara um grenndarkynningu. Erindið er í

717

Mok

IS

BMD

M. G

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

grenndarkynningu.

*Staða erindis kynnt.*

*Kynnt*

## 10. Fellaslóð 1 - Ósk um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við þjónustuhús - 2201002

Ómar Pétursson byggingarfræðingur sendir inn uppfærðan aðaluppdrátt fyrir hönd Birkisólur ehf. af breytingum á salernum og stækkun veitingahúss að Fellaslóð 1.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

## 11. Svöðufoss\_göngustígur og útsýnispallur, framkvæmdaleyfi - 2204006

Snæfellsbær sækir um framkvæmdaleyfi fyrir göngustíg og útsýnispalli við Svöðufoss. Framkvæmdarleyfið nær yfir gönguleið frá núverandi áningarstað, uppsetningu á göngubrú yfir Laxá á Breið (Hólmkelsá) og útsýnispall við fossinn.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

## 12. Arnarstapi - Umsókn um stöðuleyfi fyrir matvagni sumarið 2022 - 2205006

Filip Procházka sótti um stöðuleyfi 1. febrúar 2022 fyrir matvagn á Arnarstapa sem hann hyggst starfrækja sumarið 2022. Beðið var með að taka erindið fyrir á meðan gögn skiluðu sér.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að öll nauðsynleg gögn skili sér.*

*Samþykkt*

## 13. Djúpalón - Umsókn um stöðuleyfi fyrir laus salernishús - 2205004

Umhverfisstofnun sækir um stöðuleyfi fyrir núverandi salerni en fyrirhugað er að færa þau að vegamótum niður að Djúpalóni. Núverandi salerni yrðu rekin með stöðuleyfi uns smíði nýs salernishúss er lokið og verða þau fjarlægð um leið og nýtt hús verður tekið í gagnið. Áætluð verklok eru vorið 2023.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi til áramóta 2022/2023.*

*Samþykkt*

## 14. Hellnar\_Fyrirspurn varðandi vatnsveitumál frá eigendum Gíslabæjar og Brekkubæjarlands - 2205005

Eigendur jarðanna Brekkubæjarlands Hlíði og Brekkubæjarlands og eigendur Gíslabæjar leggja fram fyrirspurn vegna vatnsveitu frá Arnarstapa til Hellna.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og hvetur aðra rekstraraðila og landeigendur til viðræðna við Snæfellsbæ til að koma vatnsveitu frá Arnarstapa yfir til Hellna. Nefndin visar erindinu til bæjarstjórnar.*

*Jákvætt*

## 15. Golfvöllurinn á Rifi\_Fyrirspurn vegna færslu á golfskála á hentugri stað - 2205002

777

Mik

[Handwritten mark]

3

BMS M-E

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Hjörtur Ragnarsson og Jón Bjarki Jónatansson senda inn fyrirspurn fyrir hönd Gólfklúbbsins Jökuls þar sem þeir óska eftir því að fá leyfi til þess að færa golfskálann á Rifsvelli frá þeim stað sem núverandi skipulag segir til um. Á svæðinu er mikil snjósöfnun og flóð. Leggja þeir fram tillögu að nýrri staðsetningu golfskálans, sjá meðfylgjandi yfirlitsmynd.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og bendir á að gera þarf óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

*Samþykkt*

### 16. Glacier Paradise\_Fyrirspurn um svæði fyrir starfsemi fyrirtækisins - 2205001

Kolfinna Haraldsdóttir sendir inn fyrirspurn fyrir hönd Glacier Paradise og óskar eftir tillögum að lóðum fyrir byggingu sem hýsa á starfsemi fyrirtækisins á Arnarstapa.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Skoða þarf nánar verslunar- og þjónustusvæði austan við Fell og opið svæði ofan vegar. Nefndin bendir á að ströng skilyrði verði sett á efnisval, liti, form og umgengni.*

*Drifa Skúladóttir er alfarið á móti byggingu á opna svæðinu fyrir ofan veg við Arnarstapa.*

*Jákvætt*

### 17. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

- Hreinsunardagar í Snæfellsbæ 12. - 23. maí 2022
- Hugmyndir um Sáid ræddar
- Skotveiði í Krossavík rædd
- Krossavík - sorptunnur
- Grjóthleðslur við Höskuldsá og Munaðarhól
- Sorptunnumál í Snæfellsbæ

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.**

*Fllugi þau Jónar  
Bryzsjöll Ólafsd.  
Majuri Ein*

*[Signature]*

*Halldór Halimann*

*[Signature]*

## Ungmennaráð Snæfellsbæjar

Fundur var haldinn í íþróttahúsi Snæfellsbæjar miðvikudaginn 23. mars 2022 kl. 19:30

Á fundinn mættu:


Laufey Helga Árnadóttir

Hanna Imgront

Stefanía Klara Jóhannsdóttir

Gunnlaugur Páll Einarsson

1. Kosningar formanns, varaformanns og ritara. Í stöðu formans er Hanna, í stöðu varaformanns er Gunnlaugur og í stöðu ritara er Stefanía.
2. Hvað ungmennaráð gerir? Ungmennaráðið getur haft áhrif á hvað gerist í sambandi við samfélagið, skóla og tómstundarstarf. Ungmennaráðið talar fyrir hönd ungmenna í samfélaginu til þess að breyta eða lagfæra hluti. Ungmennaráðið hefur mögulega þann möguleika að fara áfund með bæjarstjórnendum og ræða mál.
3. Ungmennaráð á að hittast 2 á ári en það er betra að hittast oft og að er gott að hittast oft á ári. Okkar ungmennaráð hefur það markmið að hittast minnsta kosti 4 sinnum á ári og oft ef þörf er.
4. Málefni ungsfólks. Andleg heilsa er mikilvæg fyrir ungt fólk og viljum við bæta fræðslu um andlega heilsu og hvernig á að taka á móti henni. Viljum við fá sálfræðing í bæði grunnskóla og menntaskóla og viljum við hafa sálfræðing minnsta kosti annaðhverja viku.
5. Lífsleikni í skólum. Við viljum bæta lífsleikni í skólum og ef hún er er hún ekki nógu mikil.
6. Próf í íþróttum. Próf í íþróttum eru ekkiskilda í öllum skólum og ef það er ekki skilda þá er ekki það mikilvægt að það nemendur þarf að taka þau.
7. Félagsmiðstöðin. Það hefur ekki verið mikil mæting í félagsmiðstöðina og það ætti að vera ungt fólk að vera í ráði í félagsmiðstöðinni til að koma með hugmyndir fyrir félagsmiðstöðina. Gert kynningu um bæði ráðin og kynnt fyrir nglingastigin.
8. Móttaka flóttafólksí Snæfellsbæ og ástandið í heiminum. Ef það kæmu flóttafólk á okkar aldri gætum við vera tengiliðir fyrir flóttafólks sem kemur hingað.
9. Önnur mál. Rútur um helgar fá undirskriftalista frá jafnöldrum um að það að séu ferðir á milli. Að koma Rafíþróttum í samfélagið. Hafa þriðja klósett eða hafa blandað klósett. Hafa meiri kynfræðslu og kynjafræðslu. Hafa kynjafræði á öllum stigum í grunnskóla.
10. Halda páska bingo. Fá styrki frá fyrirtækjum. Haldið 6.apríl klukkan 7.
11. Búa til Instagram síðu fyrir ungmennaráðið.



## 200. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 15. febrúar 2022, á Teams

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Magnús A. Sigurðsson, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason, og Guðríður Þorvarðardóttir (mætt í síma)

**Forföll:** Engin

*Fundarritari:* Jakob Stakowski (JS)

Formaður setti fund kl. 10.32

### 1. Fundargerð 199. fundar

**Afgreiðsla:**

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

### 2. Landvarsla við Breiðafjörð 2022

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur ekki úthlutað fjármagni til verkefnisins á almanaksárinu 2022. Rætt var hvort Breiðafjarðarnefnd vilji styrka landvörslu með sínum eigin fjármunum og sækjast eftir að Umhverfisstofnun sjái um framkvæmdina.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd kýs að nota eigin fjárveitingu frekar í önnur verkefni í ár. Nefndin mun fara ýtarlega í það hvernig fjármagni Breiðafjarðarnefndar verði varið á næsta fundi 5. apríl.

### 3. Greiðslur til Náttúrustofu Vesturlands 2022 vegna þjónustu við Breiðafjarðarnefnd

Forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands sendi Breiðafjarðarnefnd kostnaðaryfirlit í janúar og sýndi ritari Breiðafjarðarnefndar þær.

**Afgreiðsla:**

Kostnaðurinn er samþykktur.

### 4. Yfirlit um fjármál Breiðafjarðarnefndar 2022

Rætt er um nýtingu fjármuna á almanaksárinu 2022.

**Afgreiðsla:**

Farið yfir drög að fjárhagsáætlun 2022 og unnið í henni með því leiðarljósi að hafa fleiri staðfundi. Nánar verður farið í þetta á næsta fund og verður fjárhagsáætlunin afgreidd.



### **5. Ný verndaráætlun fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar**

Ný verndaráætlun fyrir verndarsvæðið er í vinnslu og er Sigurður spurður út í forgangsröðun verkefna í nýju verndaráætluninni.

#### **Afgreiðsla:**

Sigurður upplýsir nefndina um að unnið sé að forgangsröðun verkefna í næstu verndaráætlun. Nefndin fær senda nánari útfærslu um leið og hún liggur fyrir.

### **6. Stýrihópur um framtíð Breiðafjarðar**

Stýrihópur ráðuneyta og samtaka sveitarfélaga um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaþróun mun á þessu ári vinna skýrslu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar. Rætt er um stöðu vinnunnar.

#### **Afgreiðsla:**

Erla og Guðríður upplýsa nefndina um stöðu stýrihópsins. Samningur við samtök sveitarfélaga var undirritaður sl. haust en samningur við Náttúrustofu Vesturlands í síðustu viku. Það er ekki búið að skipa stýrihópinn og er vinna því ekki hafin. Allir aðilar nema einn hafa tilnefnt fulltrúa sinn. Starfsmaður stýrihópsins, sem jafnframt er starfsmaður Breiðafjarðarnefndar (JS), hóf störf á Náttúrustofu Vesturlands 10. janúar og hefur á undanförunum vikum undirbúið sig fyrir vinnuna með stýrihópnum.

### **7. Önnur mál**

Uppfærslur á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar

#### **Afgreiðsla:**

Ritari Breiðafjarðarnefndar mun á næstu vikum vinna að því að uppfæra heimasíðuna.

**Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 5. apríl í Stykkishólmi, kl. 10:30. Fundurinn verður staðfundur. Varadagur er 19. apríl.**

**Fundi slitið kl. 11.25.**





## 201. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 5. apríl 2022, í Stykkishólmi.

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason, Guðríður Þorvarðardóttir og Ásta Hermannsdóttir varamaður fyrir Magnús A. Sigurðsson.

Sigurlaug Sigurðardóttir hjá Náttúrustofu Vestfjarða mætti á fundinn til að kynna og ræða lið 2. uppfærsla á verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

**Forföll:** Magnús A. Sigurðsson

*Fundarritari:* Jakob Stakowski (JS)

Formaður setti fund kl. 10.40

### 1. Fundargerð 200.

#### **Afgreiðsla:**

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

### 2. Uppfærsla á verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Breiðafjarðarnefnd fékk send drög að nýju forgangsröðinni 2. mars.

#### **Afgreiðsla:**

Sigurður fór yfir stöðu verkefnis og gaf Sigurlaugu orðið.

#### - Verndaráætlunin

Sigurlaug ræddi nýja verndaráætlun. Hún lagði til að verndaráætlun verði unnin samkvæmt handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar. Þetta fyrirkomulag mun auðvelda samanburð á verndarsvæði Breiðafjarðar og önnur verndarsvæði. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi yrði verndaráætlun styttri og uppfærslunni breytt.

Guðríður nefndi að verndaráætlanir sem eru unnar eftir handbók Umhverfisstofnunar væru ekki eins ítarlegar og fyrri verndaráætlanir Breiðafjarðar.

Ákveðið var að gera drög að endurskoðaðri verndaráætlun sem hægt verður að breyta.

#### - Forgangsröðun verkefna í endurskoðaðri verndaráætlun Breiðafjarðar 2022-2026

Í drögum að forgangsröðun eru þrjú fræðsluverkefni sem Sigurlaug fór yfir.

Eftir kynningu frá Sigurlaugu var ákveðið að afgreiða þetta mál undir lið 8. - fjármál.

### 3. Framtíð Breiðafjarðar

Staða á stýrihóp ráðuneyta og samtaka sveitarfélaga um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun.

**Afgreiðsla:**

Erla upplýsti Breiðafjarðarnefnd um stöðu verkefnis. Stýrihópurinn hefur fundað tvisvar og hefur unnið í að fara yfir hlutverkaskiptingu stýrihóps og landshlutasamtakanna SSV og FV.

Jakob, sem vinnur jafnframt, sem starfsmaður stýrihóps, bætti við að landshlutasamtök SSV og FV hafa nýlega fundað með nokkrum fulltrúum stýrihópsins til að fara yfir verkefnaskiptingu og leggja línur fyrir framkvæmd verkefnis.

**4. Umsögn fyrir deiliskipulagstillögu Brjánslækjar**

Ný deiliskipulagstillaga fyrir Brjánslæk var send á nefndina til umsagna í lok febrúar.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd er ekki á listanum yfir umsagnaaðila. Jakob mun svara erindinu og benda á það.

**5. Tillaga til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 46. mál.**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi til umsagnar tillögu til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 46. Mál. Breiðafjarðarnefnd sendi ekki umsögn.

**Afgreiðsla:**

Í þingsályktunartillögunni eru tekin fram þau atriði sem Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á.

**6. Frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).**

Frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni) kom aftur á dagskrá alþingis 22.2.2022. Breiðafjarðarnefnd gerði umsögn í september 2020.

Breiðafjarðarnefnd sendi ítrekaða umsögn 10. mars 2022.

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/?ltg=152&mnr=350>

Fjarfundarboð frá atvinnuveganefnd Alþingis, fimmtudaginn 17. mars 2022. Erla sótti fundinn.

**Afgreiðsla:**

Erla greindi frá fundinum með atvinnuveganefnd þar sem hún fylgdi eftir umsögn nefndarinnar.

**7. Bæklingar**

Jakob fór yfir fjölda bæklinga í geymslu.

**Afgreiðsla:**

Jakob sýndi yfirlit yfir bæklinga í geymslu. Í kjölfar var rætt um pöntun bæklinga.

Jakob mun fá tilboð í pöntun bæklinga.

Jakob mun skoða hvert bæklingum hefur verið dreift á Breiðafjarðarsvæðinu og hvar þá vantar.

**8. Fjármál**

Yfirlit yfir fjármál.

**Afgreiðsla:**

Liður 2. var tekinn upp aftur.

Rætt var um aðra möguleika fyrir utan þá sem Sigurlaug ræddi í forgangsröðinni fyrir endurskoðaða verndaráætlun.

Nefndin skoðaði verndaráætlunina með tilliti til stöðu verkefna. Jakob mun senda skjalið á alla nefndamenn sem munu yfirfara það milli funda. Á næsta fundi verður þetta mál aftur rætt með stöðu verkefna í verndaráætluninni að leiðarljósi.

**9. Vettvangsferð í sumar 2022**

Rætt var um mögulega vettvangsferð nefndarinnar í sumar.

**Afgreiðsla:**

Farið var yfir eldri vettvangsferðir og nokkrar hugmyndir að ferð í ár. Samþykkt var að Karl og Valdís skoði mögulega dagsferð eða tveggja daga ferð um Reykhólahrepp og Dalabyggð í sumar með heimsókn í þörungaverksmiðjuna. Nánar verður fjallað um þetta á næsta fundi.

**10. Önnur mál**

Valdís lagði til að Breiðafjarðarnefnd sendi erindi til nefndarmanna sem fyrst eftir að þau berast nefndinni.

Rætt var um að setja upp Teams svæði eða Dropbox. Nefndin samþykkir tillögu um Teams svæði. Jakob mun setja það upp og bjóða nefndarmönnum aðgang að svæðinu.

Guðríður spurði út í stöðu örnefnaverkefnis. Jakob mun skoða málið.

Næsti fundur verður 25. apríl, á Teams, kl. 10.

Fleiri ekki gert og fundi slitið kl. 14.05.

# Fundargerð 909. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, miðvikudaginn 27. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum Háskólans í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir sem tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Kristján Þór Magnússon, Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Guðmundur Baldvin Guðmundsson mætti í hans stað.

Gunnar Einarsson, Rakel Óskarsdóttir og Bjarni Jónsson boðuðu forföll en varamenn þeirra höfðu ekki tök á að sitja fundinn í þeirra fjarveru

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 908. fundar - 2201008SA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 908. fundar stjórnar sambandsins frá 25. mars 2022.

*Fundargerðin samþykkt og undirrituð.*

**2. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 12. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 30. mars 2022

**3. Tilnefning nýs aðalmanns í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 12. apríl 2022, um tilnefningu nýs aðalmanns í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

*Stjórn samþykkir þær tillögur sem koma fram í minnisblaðinu um að tilnefna Stefán Aspar Stefánsson, verkefnisstjóra umhverfismála hjá Sveitarfélaginu Hornafirði í stað Freys Ævarssonar sem er að láta af störfum sem verkefnisstjóri umhverfismála hjá Múlaþingi.*

*Einnig var samþykkt að tilnefna Írisi Dögg Aradóttur, verkefnisstjóra úrgangsmála í Fjarðabyggð, sem varafulltrúa í nefndina í stað Bryndísar Bjarnarson upplýsinga- og umhverfisfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar.*

**4. Landsþing 2022 - 2009414SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 11. mars 2022, um undirbúning landsþings sambandsins 2022.

*Stjórn þakkar fyrir minnisblaðið og samþykkir að fresta afgreiðslu á tilnefningu í kjörnefnd til næsta stjórnarfundar.*

**5. Staða kjaramála - 2109025SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 27. apríl 2022, um stöðu kjaramála í apríl 2022. Sviðsstjóri kjarasviðs gerði grein fyrir minnisblaðinu. Einnig kynnti hún drög að samningi við Félag leikskólakennara.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir fyrirbyggjandi drög að kjarasamningi við Félag leikskólakennara með fimm atkvæðum. Kristján Þór Magnússon, Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Eypór Laxdal Arnalds sátu hjá við afgreiðslu málsins.*

**6. Endurskoðun lagaákvæða um fjármál sveitarfélaga - 2009675SA**

Lögð fram skýrsla starfshóps á vegum innviðaráðuneytisins um endurskoðun lagaákvæða um fjármál sveitarfélaga, dags. í febrúar 2022. Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins mun jafnframt kynna málið ítarlega á fundinum.

*Stjórnin þakkar fyrir þessa yfirgripsmiklu kynningu á skýrslu starfshópsins. Í skýrslunni eru lagðar til viðamiklar og róttækar breytingar á ákvæðum laga um fjármál sveitarfélaga. Ljóst er að framundan er frekari úrvinnsla á þessum tillögum sem sambandið mun taka fullan þátt í.*

**7. Brotthvarf úr framhaldsskólum - niðurstöður rannsóknar - 2203026SA**

Lagt fram bréf Velferðarvaktarinnar, dags. 7. apríl 2022, þar sem fram kemur að Velferðarvaktin hafi fjallað um rannsóknarskýrsluna Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum og tekið undir tillögur sem fram koma í skýrslunni. Óskað er eftir því að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fari yfir tillögurnar og kynni þær sveitarfélögum.

*Samþykkt að senda tillögurnar til sveitarfélaga.*

**8. Starfshópur um varnir gegn gróðureldum - 2105029SA**

Lagt fram minnisblað frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, dags. 1. mars 2022, ásamt álitum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 19. október sl., varðandi kaup á nauðsynlegum búnaði til varna gegn gróðureldum. Þar sem undanfarið hafa komið fram viðvaranir um að í hönd fari tímabil með aukinni hættu á gróðureldum er mikilvægt að minna á þetta mál að nýju.

*Stjórn sambandsins telur mikilvægt að nauðsynlegur búnaður til varna gróðureldum verði keyptur með fjármögnun frá ríkinu.*

9. **Áherslur sambandsins í húsnæðismálum - 2203007SA**  
Lagðar fram áherslur Sambands Íslenskra sveitarfélaga í húsnæðismálum, dags. 19. apríl 2022.
10. **Skólaþing sveitarfélaga 2021/2022 - 2012039SA**  
Lögð fram til kynningar skýrsla skólaþings sveitarfélaga 2021/2022.  
*Stjórn sambandsins þakkar öllum þeim sem stóðu að vel heppnuðu skólaþingi fyrir þeirra mikilvæga framlag. Stjórn hvetur einnig kjörna fulltrúa, sem misstu af þinginu, til að horfa á upptökur frá skólaþinginu.*
11. **Tilnefning í starfshóp um hagsmunafulltrúa eldra fólks - 2203004SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 6. apríl 2022, þar sem Lilja Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, sveitarstjórnarfulltrúi og sveitarstjóri Rangárbings eystra, er tilnefnd í starfshóp um hagsmunafulltrúa eldra fólks.
12. **Tilnefning í samráðsnefnd um fiskeldi - 2203040SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 6. apríl 2022, þar sem Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðarstofu, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalfulltrúi í samráðsnefnd um fiskeldi, og Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, til vara.
13. **Tilnefning í verkefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk - 2204002SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 22. apríl 2022, þar sem Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ og Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri öldrunarmála á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd sem aðalmenn í verkefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk, og Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ, og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.
14. **Tilnefning í stýrihóp sem kortleggur og greinir þjónustupörf barna með fjölþættan vanda - 2204008SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 22. apríl 2022, þar sem Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarbæjar, er tilnefnd í stýrihóp sem hefur það hlutverk að greina þjónustupörf barna með fjölþættan vanda.
15. **Tilnefning í starfshóp um greiningu á eignarhaldi og fjármögnun hjúkrunarheimila - 2204013SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 25. apríl 2022, þar sem Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, er tilnefndur í starfshóp um greiningu á eignarhaldi og fjármögnun hjúkrunarheimila.

16. **Umsögn um frumvarp til laga um eignarráð og nýtingu fasteigna - óskipt sameign, landamerki o.fl. - 2203016SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 10. mars 2022, um frumvarp til laga um eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.), 416. mál.
17. **Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins kjörtímabilið 2018-2022 - 2009042SA**  
Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 7. apríl 2022, um 42. þing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 22.-24. mars 2022.
18. **Samningar um þjónustu hjúkrunarheimila 2022 - 2111024SA**  
Lagt fram til kynningar samkomulag, dags. 24. mars 2022, milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) annars vegar og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðkomu SFV og sambandsins að sameiginlegum málefnum er varða samninga SÍ við einstök hjúkrunarheimili (þjónustusamninga), sem gerðir voru í desember 2019, ásamt fylgiskjölum

Í lok fundar var stjórnarmönnum boðið á formlega opnun á Sveitarfélagaskólanum sem er stafræn og gagnvirk fræðsla fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga sem sambandið hefur unnið í samvinnu við Háskólann í Reykjavík.

Fundi var slitið kl. 15:00

\_\_\_\_\_

Aldís Hafsteinsdóttir

\_\_\_\_\_

Heiða Björg Hilmisdóttir

\_\_\_\_\_

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

\_\_\_\_\_

Eyþór Laxdal Arnalds

\_\_\_\_\_

Guðmundur Ari Sigurjónsson

\_\_\_\_\_

Kristján Þór Magnússon

\_\_\_\_\_

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

\_\_\_\_\_

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

# Fundargerð 443. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 1. apríl kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í húsnæði Faxaflóahafna í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 442. fundar - 2110003HA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 442. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. febrúar 2022.

*Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta staðfundi.*

**2. Hafnasambandsþing 2022 - 2110002HA**

Lögð fram til kynningar dagskrá hafnasambandsþings 2022.

**3. Siglingaráð - 2009019HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 30. fundar Siglingaráðs frá 2. september 2021.

**4. Hafnasamband Íslands - ársreikningur 2021 - 2202004HA**

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2021 áritaður af reikningshaldara. Kjörnir skoðunarmenn hafa samþykkt reikninginn og leggja til að hann verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

*Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með rafrænni undirritun stjórnarmanna.*

**5. Hafnasjóður Norðurþings mál nr. E-46-2020 - - 2111002HA**

Lagður fram tölvupóstur frá Kristjáni Þór Magnússyni, sveitarstjóra Norðurþings, dags. 8. mars 2022, varðandi þátttöku í lögfræðikostnaði vegna dóms í máli nr. E-46/2020, Hafnasjóður Norðurþings gegn Gentle Giants-Hvalaferðum ehf, ásamt dómnum.

*Um er að ræða mikilvægt mál fyrir hafnir á Íslandi og því telur stjórn mikilvægt að útbúnar séu reglur um styrki vegna fordæmisgefandi dómsmála sem snúa að ríki hagsmunamála hafna. Málinu frestað til næsta fundar.*



6. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar - eftirlit Fiskistofu o.fl. - 2203001HA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 15. mars 2022, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (eftirlit Fiskistofu o.fl.), 386. mál.

7. **Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61-2003 - 2112002HA**

Rætt um fyrirhugaðar breytingar á hafnalögum en Hafnasambands Íslands mun senda umsögn um málið.

Í lok fundar þakkaði formaður Magnúsi fyrir gott og ánægjulegt samstarf og óskaði honum farsældar á nýjum vettvangi en hann er að láta af störfum sem hafnastjóri Faxaflóahafna.

Stjórn telur mikilvægt að Faxaflóahafnir, sem stærsta höfn landsins, eigi fulltrúa í stjórn og því óskar stjórn eftir því að Faxaflóahafnir tilnefni áheyrnafulltrúa til að sitja stjórnarfundi hafnasambandsins fram að næsta hafnasambandsþingi sem fer fram í haust.

Að því loknu kynnti Magnús Þór Ásmundsson, hafnarstjóri Faxaflóahafna, ásamt starfsfólki Faxaflóahafna það sem er á döfinni hjá Faxaflóahöfnum og sýndu stjórn Magna nýjan dráttarbát hafnarinnar.

Fundi var slitið kl. 13:00

---

sLúðvík Geirsson

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Magnús Þór Ásmundsson

---

Pétur Ólafsson

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Björn Arnaldsson

---

Ólafur Þór Snorrason

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Sigríður Finsen <sigridur@tms.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 14. apríl 2022 15:42  
**To:** Kristinn Jónasson  
**Subject:** Beiðni um tilnefningu fulltrúa í samráðshóp um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar  
b.t. Kristins Jónassonar

**Beiðni um tilnefningu fulltrúa í samráðshóp um verkefnið:  
Forsendugreining fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaðpróun.**

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið hefur skipað stýrihóp um verndun Breiðafjarðar, sem falið er að stýra vinnu þar sem greind verða verndargildi svæðisins og áhrif þess, tækifæri og ógnanir, á samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins leiði til tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Sigríður Finsen, formaður, skipuð án tilnefningar,  
Steinar Kaldal, sérfræðingur í umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytinu,  
Erla Friðriksdóttir, formaður Breiðafjarðarnefndar, tilnefnd af Breiðafjarðarnefnd,  
Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af innviðaráðuneytinu,  
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri, tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi,  
Jóhanna Ösp Einarsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi og formaður stjórnar, tilnefnd af Fjórðungssambandi Vestfirðinga,  
Kristján Skarphéðinsson, sérfræðingur, tilnefndur af matvælaráðuneytinu,  
María Reynisdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

Jakob Johann Stakowski, landfræðingur hjá Náttúrustofu Vesturlands starfar með stýrihópnum.

Umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytið (áður Umhverfis- og auðlindaráðuneytið) hefur gengið frá verksamningi við Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaðpróun.

Í verkefnalýsingu með ofanefndum samningi er gert ráð fyrir að stofnaður verði samráðshópur skipaður fulltrúum sveitarfélaga við Breiðafjörð, sem verður stýrihópnum til ráðgjafar og samráðs í vinnu að verkefninu.

Hér með er óskað eftir tilnefningu sveitarfélagsins í þennan samráðshóp.

Virðingarfyllt

Grundarfirði, 14. apríl 2022

Sigríður Finsen

Formaður stýrihóps um greiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaðpróun

Netfang sigridur@tms.is

Aðalfundur Búnaðarfélags Staðarsveitar, haldinn á Lýsuhóli 8. apríl 2022 lýsir yfir ánægju með umhverfisverkefni sem hefur verið í gangi.

Búnaðarfélagið óskar eftir því að slíkt verkefni verði endurtekið 2022 með áherslu á eftirfarandi atriði;

- Gámar komi í júní. Það þarf að vera gámur fyrir brotajárn og annar fyrir blandað rusl og stórt spilliefnakar.
- Búnaðarfélag Staðarsveitar leggur til afnot af tækjum félagsins, félagsmönnum að kostnaðarlausu til að vinna að umhverfishreinsun meðan á verkefninu stendur.
- Brotajárns- og ruslagámar verði staðsettir á þremur stöðum í Staðarsveit og Breiðuvík
- Fylgst verði með gámunum og þeir tæmdir ef þeir fyllast meðan á verkefninu stendur.
- Einnig verði hægt að leita eftir samstarfi við sveitarfélagið um að fá gám ef vinna þarf að sérstöku umhverfisátaki á afmörkuðum stað.
- Umhverfisátakið verði útfært og framkvæmt í samstarfi Snæfellsbæjar og Svæðisgarðs.

*F.h. Búnaðarfélags Staðarsveitar  
Sigurjón Grétarsson formaður  
Svavar Þórðarson gjaldkeri*

Aðalfundur Búnaðarfélags Staðarsveitar 8. apríl 2022

Félagsheimilinu Lýsuhóli

Mætt: Sigurjón, Svavar, Snæbjörn, Gísli Örn, Guðmundur, Kristján (Ölkeldu), Þórður, Sigrún (Kálfárvöllum), Lilja og Ragnhildur

Fundur settur kl. 20.30

1. Formaður setti fund og Kristján Þórðarson var skipaður fundarstjóri.
2. Sigurjón Grétarsson formaður fór yfir **skýrslu stjórnar**. Starfsemi Búnaðarfélagsins hefur raskast s.l. misseri eins og fleiri félagasamtaka, vegna Covid 19. Ekki hefur verið haldinn aðalfundur síðan 2019. Farið var yfir tækjamál, stjórnarfundir og aðalfund Búnaðarsamtaka Vesturlands.
3. Farið yfir **ársreikninga** s.l. þriggja ára. Reikningar samþykktir samhljóða.

#### 4. Ályktanir

A) Stjórn leggur til að félagsgjald verði hækkað í 20.000 kr. Umræður um fjárhagsstöðu félagsins. Stjórn telur mikilvægt að félagið hafi svigrúm til viðhalds og endurnýjunar tækjakosts félagsins. Í því ljósi leggur stjórn til að árgjald verði hækkað í ár. Möguleg hækkun gjaldskrár fyrir tækjaleigu verði skoðuð á næsta ári. Góðar umræður urðu um málið.  
Samþykkt samhljóða

B) Tillaga kom fram um að félagsmenn 70 ára og eldri sleppi ekki við félagsgjöld. Fram kemur í stofnsamþykktum félagsins (11. grein) að samþykktum verði ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi og þá með 2/3 atkvæðum. Tillögur um breytingar á samþykktum skulu fylgja fundarboði. Breytingar á samþykktum skulu sendar Búnaðarsamtökum Vesturlands til staðfestingar. Þessari tillögu er því vísað til stjórnar til undirbúnings fyrir næsta aðalfund, sem getur þá tekið afstöðu til tillögunnar. Um leið verði farið yfir samþykktirnar í heild og gerðar tillögur um uppfærslu ef þörf er talin á.

C) Aðalfundur Búnaðarfélags Staðarsveitar, haldinn á Lýsuhóli 8. apríl 2022 lýsir yfir ánægju með umhverfisverkefni sem hefur verið í gangi.

Búnaðarfélagið óskar eftir því að slíkt verkefni verði endurtekið 2022 með áherslu á eftirfarandi atriði;

- Gámar komi í júní. Það þarf að vera gámur fyrir brotajárn og annar fyrir blandað rusl og stórt spilliefnakar.

- Búnaðarfélag Staðarsveitar leggur til afnot af tækjum félagsins, félagsmönnum að kostnaðarlausu til að vinna að umhverfishreinsun meðan á verkefninu stendur.
- Brotajárns- og ruslagámar verði staðsettir á þremur stöðum í Staðarsveit og Breiðuvík
- Fylgst verði með gámunum og þeir tæmdir ef þeir fyllast meðan á verkefninu stendur.
- Einnig verði hægt að leita eftir samstarfi við sveitarfélagið um að fá gám ef vinna þarf að sérstöku umhverfisátaki á afmörkuðum stað.
- Umhverfisátakið verði útfært og framkvæmt í samstarfi Snæfellsbæjar og Svæðisgarðs.

*(Ritara Búnaðarfélagsins falið að senda þessa ályktun stjórnar til Snb og Svæðisgarðs)*

*F.h. Búnaðarfélags Staðarsveitar  
Sigurjón Grétarsson formaður  
Svavar Þórðarson gjaldkeri  
Ragnhildur Sigurðardóttir ritari*

## **Önnur mál**

Umræða um tryggingamál á tækjum búnaðarfélagsins. Reglugerðarbreytingar og hert ákvæði; skráningarskylda og skoðunarskylda. Vagnar Búnaðarfélagsins (sem eru á þjóðvegum) þurfa væntanlega fljótlega að vera á númerum, skoðaðir og með mæli. Stjórn er falið að kanna stöðu þessara mála hjá lögmanni Bændasamtaka Íslands.

Rætt um gjald fyrir leigu á steinsög. Ákveðið að fresta hækkun á tækjaleigu a.m.k. um ár.

Rætt um mögulega sumarveislu.

## **Kosningar**

Kosnir fulltrúar á aðalfund BV 2023; Sigurjón Grétarsson og Kristján Þórðarson aðalmenn, Þórður Svavarsson og Snæbjörn Narfason varamenn.

Í ár á ritari að ganga úr stjórn. Kosningar. Ragnhildur Sigurðardóttir var endurkjörin.

Formaður þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu. Ákveðið að senda fundargerðina á alla félagsmenn í tölvupósti.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl.22.11  
Fundarritari Ragnhildur Sigurðardóttir



## Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar  
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar  
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
Slökkvilið Snæfellsbæjar  
Vinnueftirlitið  
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2022-014438  
Akranesi, 2. maí 2022

### Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi

**Umsækjandi:** Fjallaból ehf., kt. 611216-1060, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði,  
**Forsvarsmáður:** Friðfinnur Hjörtur Hinriksson, kt. 240984-4589, Frjóakur 5, 210 Garðabæ. Sími: .  
**Netfang:** hjortur@hinni.is  
**Tegund umsóknar:** Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokkur II, tegund C minna gistiheimili

**Heiti staðar:** Lárubúð, Ennisbraut 2, 355 Ólafsvík

**Staðsetning:**

Heiti fasteignar:	Fasteignanúmer:	Rýmisnúmer:	Hámarksfjöldi gesta:
Ennisbraut 2	2103543		8

**Fjöldi starfsmanna:** 1  
**Hámarksgestafjöldi:** 8 gestir.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðnar þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

Umsagnir óskast sendar á netfangið [vesturland.leyfi@syslumenn.is](mailto:vesturland.leyfi@syslumenn.is). Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

*Dabey Þóra Ólafsdóttir*  
Dabey Þóra Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri





SÝSLUMENN

Umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar  
skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og  
skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis

Veljið embætti

Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð

<b>Umsækjandi:</b>		
Nafn einstaklings eða lögaðila: Fjallaból chf	Kennitala: 611216-1060	Netfang: larubud@gmail.com
Heimilisfang: Fjarðargata 13-15	Póstnúmer og staður: 220 Hafnarfjörður	Sími / Símar: 8693150
Virðisaukaskattsnúmer (VSK nr.): 142770		

<b>Forsvarsmæður (sem ber ábyrgð á rekstrinum):</b>		
Fullt nafn: Friðinnur Hjörtur Hinriksson	Kennitala: 2409844589	Netfang: hjortur@hinni.is
Lögheimili: Frjóakur 5	Póstnúmer og staður: 210 Garðabær	Sími / Símar: 8693150

<b>Upplýsingar um gististað:</b>		
Helti gististaðar: Láruhúð	Netfang: larubud@gmail.com	
Heimilisfang (starfsstöð): Ennisbraut 2	Póstnúmer og staður: 355 Ólafsvík	Sími / Símar: 8693150
Fasteignanúmer: 210-3543	Ætlaður fjöldi starfsmanna (aðrir en eigendur):	
Er sótt um leyfi til útveitinga?	Já: <input type="radio"/>	Nei: <input checked="" type="radio"/>
Fjöldi gesta: 8		
Afgreiðslutími áfengis (ef við á):	Virka daga frá kl:	til kl: Aðfaranætur fridaga frá kl: til kl:
Afgreiðslutími útveitinga (ef við á):	Virka daga frá kl:	til kl: Aðfaranætur fridaga frá kl: til kl:

<b>Hakið við flokk gististaða sem sótt er um leyfi fyrir. Leyfisgjald miðast við flokk staðar og skal greitt við afhendingu umsóknar.</b>		
Flokkun gististaða: (Tekur mið af því hvort samhlíða gistingu séu boðnar veitingar með eða án áfengis).		
<input checked="" type="checkbox"/> Flokkur II	Gististaður án veitinga.	kr. 32.000.-
<input type="checkbox"/> Flokkur III	Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.	kr. 40.000.-
<input type="checkbox"/> Flokkur IV	Gististaður með áfengisveitingum.	kr. 120.000.-

<b>Tegundir gististaða – Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu fyrir gesti.</b>		
<input type="checkbox"/> A	Hótel	Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin baðstaða skal vera með hverju herbergi.
<input type="checkbox"/> B	Stærri gistiheimili	Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
<input checked="" type="checkbox"/> C	Minna gistiheimili	Gististaður með takmarkaða þjónustu. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gert krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
<input type="checkbox"/> D	Gistiskáli	Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel).
<input type="checkbox"/> E	Fjallaskálar	Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús.
<input type="checkbox"/> F	Íbúðir	Íbúðahúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2 gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannaíbúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagsamtaka eru undanskildar.
<input type="checkbox"/> G	Fristundahús	Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagsamtaka, svo sem stéttarfélag og starfsgreinafélag, eru undanskilin.


*Handwritten signature*

<p>Gögn sem þurfa að leggja fyrir við afgreiðslu umsókna. Sýslumaður getur, ef óskað er, lagt til gögn skv. liðum b, d, e og g (gjöld til ríkissjóðs). Merkið við þau gögn sem umsækjandi lætur fylgja. Æskilegt er að umsókn fylgi staðfesting á fyrirvari lögaðila.</p>	
<p>Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflið rafrænt eftir því sem við verður komið:</p>	<p>Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflið rafrænt eftir því sem við verður komið:</p>
<p>a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.  b) Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda.  c) Vottorð um búsetuáætlun fyrirtækis og forsvarsmanns þess.  d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.  e) Sakavottorð forsvarsmanns.  f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum.  g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans.  h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.  i) Ef um er að ræða útveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.  j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.</p>	<p>a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.  b) Búsetuvottorð.  c) Vottorð um búsetuáætlun.  d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.  e) Sakavottorð.  f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum.  g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu.  h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.  i) Ef um er að ræða útveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.  j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.</p>
<p>Athugasemdir umsækjanda:</p>	
<p>Staðfesting:</p> <p><input type="checkbox"/> Með því að haka í þennan reit óska ég þess að sýslumaður afli þeirra gagna samkvæmt liðum b, d, e, og g.</p>	




<p>Undirskrift:</p>	
<p>Staður og dagsetning: Ólafsvík 15.3.2022</p>	<p>Undirskrift umsækjanda: F.H. Fjallaból ehf  <i>Fridtjofur H. Hinriksson 240984-4589</i></p>
<p>Staður og dagsetning: Ólafsvík 15.3.2022</p>	<p>Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda:  <i>Fridtjofur H. Hinriksson</i></p>

<p><b>Upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn:</b></p> <p>Liggja starfsleyfi heilbrigðiseftirlitis ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi. Umsókn um starfsleyfi má nálgast á vef heilbrigðisnefnda í því umdæmi sem starfsemi er fyrirhuguð. Upplýsingar um heilbrigðiseftirlitssvæðin má finna á vef Umhverfisstofnunar <a href="https://www.ust.is/atvinnuill/heilbrigðiseftirlit/heilbrigðiseftirlitssvæðin/">https://www.ust.is/atvinnuill/heilbrigðiseftirlit/heilbrigðiseftirlitssvæðin/</a></p> <p>Ekki er nauðsynlegt að leggja fram búsetuvottorð í þeim tilvikum þegar umsækjandi er íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum getur sýslumaður aflið gögnum um búsetu ef óskað er.</p> <p>Búsetuáætlunvottorð fæst hjá héraðsdómstól í því umdæmi sem umsækjandi er með skráð lögheimili. Sækja má um það rafrænt á vef héraðsdómstóla <a href="https://www.domstolar.is/">https://www.domstolar.is/</a></p> <p>Staðfestingu Ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri má sækja rafrænt á <a href="https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/">https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/</a></p> <p>Sakavottorð má sækja hjá embættum sýslumanna. Sakavottorð kostar kr. 2.500,-</p> <p>Yfirlýsingu um skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum má nálgast á vef sýslumanna <a href="http://www.syslumenn.is">www.syslumenn.is</a></p> <p>Vottorð um skuldastöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs má nálgast á skrifstofu sýslumanns. Að beiðni getur sýslumaður kannað hvort að þetta skilyrði sé uppfyllt við móttöku umsóknar</p> <p>Samþykkt teikningu af húsnæði má nálgast hjá byggingafulltrúa í því sveitarfélagi er fasteign er staðsett.</p> <p>Eyðublað um staðfestingu frá fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, má nálgast á vef sýslumanna <a href="http://www.syslumenn.is">www.syslumenn.is</a></p>
--








 28 SEP 2005  
 Projekt: ...

MOTTEGID  
 18 SEP 2005  
 Projekt: ...



Skizze G0

Skizze G1



Ansicht Süd



Ansicht West

Ansicht Ost

Ansicht Nord

**Skizze:**  
 Die Skizze zeigt die Grundrisse der beiden Etagen (G0 und G1) sowie die vier Außenansichten (Süd, West, Ost, Nord). Die Grundrisse sind detailliert mit den verschiedenen Räumen, den Möbeln und den technischen Details wie Türen, Fensterrahmen und Treppen versehen. Die Außenansichten zeigen die Fassade des Gebäudes mit den Fenstern und dem Giebel.

Etage	Raum	Fläche (m²)	Wand	Decke	Boden	Fenster	Tür	Sanitär	Abwasser	Wärme	Elektrik	Gas	Wasser
G0	Wohnzimmer	25,0	1,0	1,0	1,0	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Küche	10,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Bad	5,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Schlafzimmer	12,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Flur	3,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	WC	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Abstellraum	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Veranda	8,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Terrasse	10,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Gesamt	87,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
G1	Wohnzimmer	25,0	1,0	1,0	1,0	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Küche	10,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Bad	5,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Schlafzimmer	12,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Flur	3,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	WC	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Abstellraum	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Veranda	8,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Terrasse	10,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
	Gesamt	87,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0



Projekt: ...  
 Datum: ...  
 Zeichner: ...

Projekt: ...  
 Datum: ...  
 Zeichner: ...

Projekt: ...  
 Datum: ...  
 Zeichner: ...

Ólafsvík, 26.04.2022

Til Bæjarstjórnar

## Sólarsport ehf. Hættir starfsemi sinni í Snæfellsbæ

Nú hefur verið ráðinn til starfa nýr íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar. Þess má geta að sú sem var ráðin til starfa rekur Crossfitstöð sem einnig býður upp á líkamsræktarnámskeið af ýmsum toga og er þ.a.l. eini samkeppnisaðili Sólarsports hér í Snæfellsbæ þar sem hér eru einungis reknar tvær stöðvar sem bjóða upp á slíka þjónustu. Starfssvið íþróttá- og æskulýðsfulltrúa Snæfellsbæjar nær yfir starfsemi Sólarsports þar sem hann hefur umsjón með húsnæðinu sem Sólarsport er starfrækt nú. Öll samskipti er varða fyrirætlanir Sólarsports tengda húsnæðinu fara í gegnum fulltrúann þar með talið skipulag t.a.m. vetrardagskrár Sólarsports sem hefur verið einkennd af hóptímum sem kenndir hafa verið í sal í íþróttahúsinu. Við þurfum því í samráði við samkeppnisaðila okkar að skipuleggja vetrardagskránna sem þ.a.l. fær vitneskju um okkar fyrirætlanir á undan öðrum. Er boðlegt að starfa við slíkar aðstæður? Kom þetta aldrei til tals í ráðningarferlinu hjá bæjarstjórn og fékk ráðningarskrifstofan sem sá um að veða og meta umsækjendur ekki vitneskju um eignarhald og hagsmuni ráðins fulltrúa?

Okkur þykir stórundarlegt að enginn í bæjarstjórn hafi ekki séð neitt athugasvert við þessa ráðningu að þessum sökum, einnig þykir okkur einkennilegt að ekki hafi fleiri innan bæjarstjórnar stigið til hliðar við atkvæðagreiðslu ráningarinnar sökum tengsla við viðkomandi. Rögnvaldur Ólafsson steig til hliðar sökum tengsla og nýr fulltrúi D- listans steig inn í hans stað. Okkur þykir einnig einkennilegt að Auður Kjartansdóttir fulltrúi D – listans hafi ekki stigið til hliðar sökum tengsla þar sem hún er góð vinkona fulltrúans, eða ætla má að hún sé góð vinkona hennar þar sem þær birtu myndir af sér á samfélagsmiðlum í góðu yfirlæti í jöklaferð í kjölfar ráðningarinnar.

Margt hefur breyst á undanförunum við erum lítið samfélag og reynsla okkar af ráðnum fulltrúa er að hún hefur markvisst unnið gegn starfsemi okkar á óheiðarlegan hátt sem við ætlum ekki að fara nánar út í hér í þessu bréfi en flestum innan bæjarstjórnar er vel kunnugt.

**Við í Sólarsport getum ekki starfað við slíkar aðstæður og segjum hér með upp leigusamningi við Snæfellsbæ. Sólarsport mun því hætta alfarið starfsemi sinni í bæjarfélaginu og lýkur þar með 24 ára þjónustu okkar við samfélagið okkar sem okkur þykir miður, sérstaklega í ljósi þess að við höfum á undan förunum árum lagt metnað okkar í að endurnýja búnað stöðvarinnar til þess að geta boðið bæjarbúum upp á toppæfingaraðstöðu.**

*Við viljum minna á að samþykkt var að sett yrði svalahurð í Sólarsport fyrir rúmlega ári síðan svo auðveldlega væri hægt að koma búnaði inn og út úr stöðinni. Við höfum þurft að skrúfa allan búnað í sundur svo að hægt væri að koma inn og út tækjum í gegnum lítinn glugga á húsnæðinu sem er ekki boðlegt.*

Með harm í brjósti þykir okkur miður að hætta við slíkar aðstæður þar sem við höfum þrek og metnað í að gera glæsilega stöð betri.

Áfram Snæfellsbær!

**Sigurður Scheving og Marsibil Katrín Guðmundsdóttir, eigendur Sólarsports ehf.**